

Vísindasjóður Landspítala auglýsir til umsóknar allt að tíu styrki til klínískra rannsókna, hvern að upphæð 1 milljón króna. Styrkirnir eru ætlaðir ungu starfsfólki Landspítala.

Umsóknarfrestur er til miðnættis 9. nóvember 2016.

Umsóknir: Vísindaráð Landspítala metur umsóknir fyrir hönd Vísindasjóðs Landspítala. Nota skal umsóknareyðublað vísindaráðs og fylgja leiðbeiningum Vísindaráðs Landspítala. Umsóknir sendist til visindarad@landspitali.is.

Markmið: Að styðja við klínískar rannsóknir og rannsóknarvirkni ungs háskólamenntaðs starfsfólks Landspítala. Markhópurinn er starfsfólk Landspítala sem hefur lokið háskólaprófi á síðustu 5 árum.

Skilyrði:

- Að styrkfé sé nýtt til greiðslu launa ungra rannsækenda vegna rannsóknarverkefna á Landspítala.
- Að skrifstofa framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra lækninga hafi umsjón með styrkfé.
- Ungur rannsækandi (aðalumsækjandi) og verkefnisstjóri (meðumsækjandi) skulu vera starfsmenn Landspítala.

Nánari lýsing:

- Styrkirnir eru ætlaðir til verkefna sem líkleg eru til að leiða til birtinga í ritrýndum alþjóðlegum vísindatímaritum.
- Verkefnin geta verið ný eða framhaldsverkefni.
- Framlag ungs starfsmanns til rannsóknarinnar skal vera verulegt og vel útskýrt.
- Fylgja skal bréf frá yfirmanni um að viðkomandi geti fengið launalaust leyfi frá klínískri vinnu meðan laun eru greidd af styrkfé.
- Vísindaverkefnið skal hafa skýr markmið og vel skilgreinda og varðaða verkefnisáætlun.
- Í umsókninni skal gera skýra grein fyrir væntingum um afrakstur og ávinning af verkefninu.
- Sami einstaklingur getur aðeins sótt um einn styrk sem aðalumsækjandi eða meðumsækjandi.
- Vísindasjóður Landspítala veitir ekki fleiri en einn styrk til sama verkefnis hverju sinni.
- Þeir munu hafa forgang sem ekki hafa áður fengið sams konar styrk fyrir unga rannsækendur á Landspítala.

Sjóðurinn veitir ekki styrki til rannsókna sem þegar er búið að framkvæma.

Mat á umsóknum: Vísindaráð Landspítala metur umsóknir með tilliti til vísindalegs gildis verkefna, gæða umsókna og frammistöðu aðalumsækjanda svo og reynslu meðumsækjanda af rannsóknarvinnu.

Úthlutun styrkja: Gert er ráð fyrir að úthlutun styrkja verði rétt fyrir jól. Styrkhafar halda stutta kynningu á fyrirhuguðu verkefni við afhendingu styrkja.

Nánari upplýsingar veita Jóhanna Gunnlaugsdóttir, s. 543 6179, johgunnl@landspitali.is og Oddný S.Gunnarsdóttir, s. 543 1470, oddnygun@landspitali.is, báðar á skrifstofu framkvæmdastjóra hjúkrunar og framkvæmdastjóra lækninga, vísindadeild.